

Þess, er forfallast í sjóðstjórninni. Nú forfallast fleiri úr sjóðstjórninni eða vilja ekki taka sæti, og tilnefnir formaður sjóðstjórnar þá, er til vanta. **175**

31. okt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og skiptir að öðru en 4. gr. greinir með sér störfum. Féhirðir annast sérstaklega fjárgæzlu sjóðsins og semur reikning hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reynt sé að afla sjóðnum tekna, en að eins á þann hátt, er eigi valdi áhættu fyrir sjóðinn og eftir því, er sjóðstjórnin telur rétt og heppilegt.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnun, er ríkissjóður Íslands ber ábyrgð á, eða í ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir.

7. gr.

Endurskoðendur bæjarreikninga Siglufjarðar endurskoði árlega ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins með vöxtum og öðru, er sjóðnum fellur til, má aldrei skerða umfram það, er hér segir:

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 skal verja hálfum ársvöxtum árlega til styrkveitinga, þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 skal árlega verja $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna til styrkveitinga, og aldrei meiru.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari og hana birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949. **176**

31. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og styrktarsjóður nemenda Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Sjóður þessi er myndaður á þennan hátt:

1. Af Minningarsjóði Þórunnar Friðriksdóttur frá Löndum í Vestmannaeyjum.
2. Af Minningarsjóði Hermanns Guðmundssonar frá Háeyri í Vestmannaeyjum.
3. Af Minningarsjóði Hauks Lindbergs frá Kalmanstjórn í Vestmannaeyjum.
4. Af öðrum minningarsjóðum, sem kunna að verða stofnaðir við Gagnfræðaskólann.
5. Af gjöfum eða öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast eða í hann safnast.

176

31. okt. Minningarsjóðir skólans skulu vera sjálfstæðar sjóðdeildir innan minningar- og styrktarsjóðsins og skal $\frac{1}{5}$ af ársvöxtum hvernar sjóðdeildar leggjast við stofninn árlega, en $\frac{4}{5}$ ársvaxtanna skulu renna í eina heild og úthlutað í styrk samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja þá nemendur Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, er lokið hafa 3. bekkjar prófi (miðskólaprófi, gagnfræðaprófi) við framhaldsnám, og skal verja $\frac{4}{5}$ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar félitlum en efnilegum nemendum.

Skulu þeir nemendur, sem miða framhaldsnám sitt til eflingar atvinnulífi Vestmannaeyjakaupstaðar, jafnan ganga fyrir um styrk úr sjóðnum.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í lánsstofnun með ríkisábyrgð.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn: Skólastjóri Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum, sá fastakennari, sem lengst hefur starfað við skólann á hverjum tíma, og sóknarprestur Landakirkju.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Skólastjóri annast reikningshald sjóðsins og semur ársreikning hans. Stjórn sjóðsins skal leggja ársreikning hans fyrir fund fastra kennara skólans til endurskoðunar og samþykktar. Skal sá fundur haldinn fyrir janúarlök ár hvert og reikningurinn síðan birtur almenningi að lokinni endurskoðun og samþykkt.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal afráða í októbermánuði ár hvert, hver eða hverjir hljóta skuli styrk úr sjóðnum.

10. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

11. gr.

Verði Gagnfræðaskólanum í Vestmannaeyjum breytt í menntaskóla, skal styrkurinn veittur eftir að nemendur hafa lokið stúdentsprófi.

12. gr.

Til þess að skipulagsskrá þessari verði breytt, þarf einróma samþykki stjórnar sjóðsins og $\frac{2}{3}$ hluta af föstum kennurum skólans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á framanritaðri skipulagsskrá.

Vestmannaeyjum, 1. okt. 1949.